

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun og deiliskipulagsbreytingar:

Deiliskipulagsbreyting, Haukadalur 4, L167101, bílastæði.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til breytinga á útfærslu bílastæða innan svæðisins. Tilgangur breytingarinnar er að skapa betra flæði umferðar og fækka þeim stöðum þar sem gangandi vegfarendur þurfa að þvera akstursleiðir. Fjöldi bílastæða helst óbreyttur og byggingarmagn breytist ekki.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. janúar 2025.

Deiliskipulag, Drumboddsstaðir 1, L167076, afmörkun Hrisbrautar 5 og byggingarreitur.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til stakrar frístundalóðar, Hrisbrautar 5, úr landi Drumboddsstaða innan frístundasvæðis F86.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Haukadalur 3, L167099, skilgreining lóðar og byggingarreits.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Haukadals 3B. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og verður 36.650 m² að stærð. Á lóðinni er heimilt að reisa íbúðarhús ásamt aukahúsum s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 5. febrúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.